

**437. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,
Tálknafirði,
miðvikudaginn 11. janúar 2012 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Guðni Ólafsson (GÓ), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Dagskrá:

1. **1112001F - [Fjallskilanevnd - 7](#)**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. **1201012 - Fundargerðir Félagsmálanefndar af [7.](#) og [8.](#) fundi.**

3. töluliður 8. fundar tekinn út og samþykktur samhljóða.
Fundargerðirnar í heild sinni samþykktar samhljóða.

3. **1112064 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerðir stjórnar nr 790 til 792**

Lagt fram til kynningar.

4. **1201006 - Þriggja ára fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans 2013-2015**

Fjárhagsáætlun vísað til síðari umræðu 19. janúar, ábendingar og eða spurningar berist til oddvita í síðasta lagi kl.17, þann 17. janúar.
Samþykkt samhljóða.

5. **1201004 - Sjávarútvegsráðuneytið - Úthlutun byggðakvóta fiskvársins 2011/2012 182 þorskígildistonn.**

Eyrún og Bjarnveig lýsa yfir vanhæfi við umræður og afgreiðslu málsins og vikja af fundi.

Varaoddviti (BB) leggur til að fresta málinu til næsta fundar þann 19. janúar, þar sem varamenn eru ekki tiltækir.
Samþykkt með atkv. GÓ, BB, BSH.

6. **1201009 - Veitingastofan Tígull, uppsögn á umsjón með skólamáltíðum.**

Eyrún og Bjarnveig koma aftur til fundar.

Sveitarstjórn þykir miður að fyrir liggi uppsögn umsjónar með skólamáltíðum, þar sem alltaf hefur verið lögð áhersla á að skólabörn eigi kost á heitri máltíð í hádegi

og ekki hefur verið vikið frá því þrátt fyrir niðurskurð á erfiðum tímum.
Samþykkt samhljóða.

7. **1201011 - Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Tálknafjarðarhrepps.**

Fyrirliggjandi drög samþykkt samhljóða.

8. **1201010 - Samstarfssamningur Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps vegna reksturs sameiginlegra málaflokka**

Oddvita falið að ljúka málinu. Samþykkt samhljóða.

9. **0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**

Ný sveitarstjórnarlög tóku gildi 1. jan.2012, 30. sept.2011 voru löggin send í tölvupósti til sveitarstjórnar.

10. **1201003 - Landmælingar Ísl - Innl á lögum 44/2011 Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar.**

Lagt fram tilkynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:20

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____